

BIRGIR KJARAN

UM BÆKUR OG MENN

Erindi flutt í útvarpsþættinum Á bókamarkaðinum
29. desember 1958

Ég hefi verið beðinn um að segja hér nokkur orð um bækur og menn. Geta það varla orðið mörg orð né mikill vísdómur á svo stuttum tíma, sem til ráðstöfunar er. Bókaútgefandinn er nokkurs konar liður milli bóka og manna, eða nánar greint á milli rithöfundanna og lesendanna. Þessir þrír aðilar, höfundur, lesandi og bókin sjálf, eru því sennilega töluvert fyrirferðarmeiri þættir í lífi bókaútgefandans en annarra manna. Að þjóna þeim þrem er lífskúnst bókaútgefandans. Þeir eru hans mæða, metnaður og mörg ánægjustundin. Fara hér á eftir fáeinir molar þeirrar reynslu.

Í íslenskri bóka- og bókmenntasögu skiptast á skin og skuggar, eins og gjarnan vill verða í öllu mannlífi. — Sagan, ljóðið og síðan bókin hafa lengi verið tryggir förunautar Íslendingans. Hjá öðrum framandi þjóðum báru menn tignarheitið mikli, eins og Karl mikli og Friðrik mikli. — Hjá Íslendingum var virðingarnafnið „fróði“, svo sem þeir báru Sæmundur og Ari. Í fornsögubættinum af Íslendingnum sögufróða segir: „Konungur spurði, ef hann kynni nokkur fræði, en hann lézt kunna sögur“. — Og þegar Hallfreður vandræðaskáld gekk fyrir Ólaf konung Tryggvason, sagði konungur: „Ertu skáldið?“ Hann segir: „Kann ek yrkja“. — Kjör og örlög íslenzkra skálda og raunar einnig íslenzkra bókaútgefenda hafa verið með ýmsum hætti. Höfundarlausn Ara fróða voru heimsfræð, þótt seint kæmu, því að Íslendingabók beið í rösk 500 ár síns forleggjara. Nóbelspris Snorra Sturlusonar var aftaka. Stefni Þorgilsson orti vísu. Sigvalda Dana-jarli mislíkaði hún og lét taka Stefni af lífi „ok var þetta ein hans dauðasök“, segir í Stefniþætti. Níu öldum síðar tóku Danir annað íslenzkt skáld, Guðmund Kamban, af lífi.

Þau voru heldur ekki alltaf sérlega uppörvandi vinnuskilyrðin, sem þjóðin bjó rithöfundum sínum. Mátti ekki Oddur Gottskálksson hýrast í fjósi við þýðingu Nýja testamentisins, og krókloppinn með vettlinga á höndum þýddi klerkurinn að Bægisá meistaraverkin Paradísarmissi

Miltons og Messías Klopstocks, og lifði hann þó hvorki að sjá þessar öndvegisþýðingar né ljóðmæli sín gefin út í heild. — — Þannig hefur þessu og verið farið með skáld og rithöfunda annarra þjóða og hlutur þeirra jafnvel stundum verið enn lakari, því að skráðu þeir ekki sín ágætustu verk í fangelsum og tukthúsum, Marco Polo, Villon, Cervantes, Oscar Wilde og nú síðast Djilas, og hver verða svo afdrif Paster-naks um það, er yfir lýkur?

Það hafa líka verið fleiri en íslenzkir, sem fengið hafa smáskorin höfundarlaun. Sagt er, að Edgar Allan Poe hafi fengið 10 dali fyrir kvæðið sitt Hrafinn og sjálfur Mozart fékk aðeins 50 dúkata fyrir sitt Requiem. Trúlega hafa flestir rithöfundar evrópskir búið við fremur þröngan kost, ef undan eru skildir ævintýraprinsar bókmenntaheimsins Voltaire og Goethe og svo metsölhöfundar og Nobelsprinsar 20. aldarinnar.

Þá geymir saga íslenzkra bókaútgefenda og bókaútgáfu einnig sína döpru kapitula. Fyrsti forleggjari landsins, Jón Arason, var tekinn af lífi. — — Í bréfi Þorláks biskups frá 17. öld til Óla Worms prófessors við Hafnarháskóla segir, „að fáir séu þeir í landinu, sem girnist það, sem út sé gefið, bæði vegna fátæktar og hugsunarleysis eða fyrirlitningar á þess háttar vöru“. — — Og í lok 18. aldar segir um útgáfu Hrappseyjarforlags: „Þegar peningsfellir og harðindi gerðu fólkið ör-eiga og svo kjarklaust, að það hvorki gat né vildi kaupa bækur, var drift prentverksins ekki teljandi“. — — Tiltölulega mikilvirkasti íslenzki útgefandinn fyrr og síðar, Magnús Stephensen, lenti í langvarandi málaprasi vegna útgáfustarfsemi sinnar og hafði af mannorðstjón og eigna. Það glæðnar eiginlega ekki til í bókaútgáfunni fyrr en undir aldamót, þegar Sigurður Kristjánsson getur státað af því að skjóta skjólshúsi yfir sjálfan Landsbankann, svo ótrúlegt sem slíkt samband banka og bókaútgefenda hljómar í eyrum okkar, sem í dag fáumst við útgáfustarf.

En víkjum nú að viðhorfinu til bókanna sjálfra. Það er auðvitað jafn margbreytilegt og mennirnir. Tvennar eru þó öfgarnar. Það eru þá fyrst „biblíófilarnir“ svonefndu, sem ýmist geta verið bókelskir, meinhægir bókavinir, eða dálítið hættulegir bókaormar, en hámarki nær svo þessi kennd í „biblíómaníunni“, eða bókaæðinu, þegar menn verða blátt áfram bókóðir. Slík var ástríða Galdra-Lofts og löngun til þess að komast yfir „Bók máttarins“, Rauðskinnu Gottskálks grimma. Enginn hefur þó lýst þessu fyrirbæri betur en franski rithöfundurinn Gustave Flaubert gerir í smásögunni „Biblíómanía“. Sú saga styðst við

sannsögulega viðburði og er eitthvað á þessa leið: Það var prestur í Barcelona, sem setti upp forn bókasölu, eftir að klaustrið, sem hann var í, hafði brunnið ásamt verðmætu bókasafni. Eitt sinn var boðin upp bók, sem fullyrt var að væri eina eintakið, sem til væri í heiminum. Klerkur bauð hátt, en var yfirboðinn. Skömmu síðar brann hús þess, er bókina hreppti, og fórst bókar eigandinn í eldsvoðanum. Um þessar mundir hófst morðöld í Barcelona. Lík myrtra manna, af ýmsum stéttum og aldri, fundust víðs vegar um borgina. Eitt var þeim öllum sameiginlegt. Þeir höfðu allir verið bókasafnarar. Var nú gerð allsherjarleit í borginni, og við húsrannsókn fannst bókin góða í fórum klerks. Kom þá og við rannsókn í ljós, að hann hafði jafnan drepð þá viðskiptavinina sína, er keyptu af honum bækur, sem honum var eftirsjá í. Verjandi klerks reyndi að fá skjólstæðing sinn sýknaðan með því m. a. að leggja fram annað eintak af bókinni ófáanlegu. En þá var bókaklerkinum öllum lokið, því að hann mat öllu ofar, að hafa átt einu bók heimsins. Bað hann verjandann um að fá að sjá framlagða eintakið og notaði tækifærið til þess að rífa það í tætlur og tryggja þannig einkatilveru bókarinnar góðu og sjálfum sér sennilega eitthvað bærilegri dauðastundir á aftökupallinum.

Svo eru það hinir, sem minna gefa fyrir bækur almennt eða vissar tegundir bókmennta og mjög býsnast jafnan yfir „bókaflóðinu“ svokallaða. Dr. Ólafur Daníelsson, sá mæti maður, var ekkert myrkur í máli um þessi efni fremur en önnur. Í greininni frægu „Húmaníóra“ kemst hann svo að orði: „Ef ég væri einvaldur, skyldi ég láta ríkar stúlkur á aldrinum 16 til 25 ára framleiða alla lyrik í landinu fyrir ekkert. Jú, mér er alvara, ég get varla hugsað mér auðvirðilegra karlmannsverk en að sitja og þrjóna saman hendingar“. — — Brezki rithöfundurinn Gilbert Norwood er enn hvassyrta, er hann segir: „Við erum kúgaðir, hrelldir og kæfðir í bókum, ég meina góðum bókum“. Og hann leggur til, að 9/10 hlutum af góðum bókum sé brennt, auðvitað fyrir utan þær slæmu, sem allar eiga að fara á bálið. Rökin fyrir þessum aðgerðum eru þau, að góðar bækur, sem menn komist ekki yfir að lesa, valdi heiðarlegu fólki áhyggjum, en hjá óheiðarlegu fólki veki það ópolandi bókmenntasnobisma og sýndarmennsku.

Flestum er bókin nú samt hvorki meinvættur né hjáguð. Og víst er um það, að Íslendingar hafa lengi verið bókelskir, haft ánægju af að lesa og eiga bækur, og engin þjóð önnur en Íslendingar held ég að gæti látið að sér hvarfla að fara í stríð út af bókum, bókum og þorski, handritum og landhelgi.

Máttur bókarinnar getur verið mikill til góðs og ills. Arnold Bennett segir, að sönn bók sé ekki alltaf mikið ritverk, en mikil bók sé aldrei ósönn. Og um hlutverk skálds, sem skrifar slíka bók, segir Chesterton: „Hið mikla skáld lifir til þess að sýna hinum litla manni, hversu mikill hann sé“.

Ég held ég ljúki svo þessu bókarabbi mínu með þeirri setningu, sem mér finnst einna fegurst í verkum Kiljans. Hana er að finna í Alþýðubókinni og hún er þessi: „Sannleikurinn er ekki í bókum, og ekki einu sinni í góðum bókum, heldur í mönnum, sem hafa gott hjartalag“.

Pasternak og Camus fá það óþvegið

Eftirfarandi klausa eftir Sergey Smirnov birtist í rússneska tímaritinu *Agitator* (nr. 22 1958). Tímaritið er gefið út handa rúmlega 300,000 „áróðursmönnum“, sem eiga svo að skýra efni þess í fyrirlestrum hvarvetna á landinu. Þetta er það, sem þátttakendur slíkra funda heyra um skáldið og bókina, sem þeir hafa engan möguleika til að lesa:

Við höfum ekki átt neitt skáld, sem var fjarlægara fólkinu en Boris Pasternak, fagurfræðilegt skáld, sem með ritverkum sínum varði hina rotnu hnignun fyrirbyltingaráranna. Fámennur hópur lesenda hefur orðið hlutskipti skáldsins og hann var umkringdur af fámennum flokki vina á hinu bókmenntalega sviði. Það var þessi fámenni flokkur vina, sem smátt og smátt bjó til „goðsögnina“ um Pasternak.

Nú hefur Pasternak sjálfur eyðilagt og grafið þessa goðsögn. Skáldsagan *Sívagó* læknir, sem Pasternak hafði unnið að í mörg ár, er öll gegnsýr af and-sovétskum anda Hún hefur lítið listagildi og skoðanakerfi söguhetjanna á ekkert skylt við sovétskar hugsanir og sovétskt líf Um grundvallarregluna í lífi okkar, sameiningarstefnuna, er farið háðuglegum lítilsvirðingarorðum, sem eins konar „flokkslega eðlishvöt“. Söguhetjur bókarinnar, sem höfundurinn elskar sjálfur, útbreiða hreinskilnislega og blygðunarlaust heimspeki landráða og drottinsvika. Sú hugmynd er túlkuð þar svart á hvítu, að fyrir sannan hugsuð og listamann, séu landráð fullkomlega náttúrleg, að gáfaður, bókmennta-einstaklingshyggjumaður geti og hafi siðferðilegan rétt til þess að fara úr einni herbúð í aðra sem „sérstök, flokks-laús“ vera. Það sem venjulegir menn líta á sem landráð, er lofsungið af Pasternak Þannig er bókin *Sívagó* læknir varnarrit fyrir landráð Pasternak seldi handritið sitt erlendis, ítalska útgefandanum Feltrinelli, liðhlaupa, sem rekinn hefur verið úr ítalska kommúnistaflokknum, sem fór úr tjaldbúðum framfaranna í herbúðir afturhaldsins Með þessu verki hefur hann að lokum afhjúpað sjálfan sig. Hringur hinna sviksamlegu athafna hans hefur lokast Á síðast liðnu ári voru bókmenntaverðlaun Nóbels veitt franska fasista-rithöfundinum Camus, sem er lítt þekktur í Frakklandi og enginn sómakær, franskur rithöfundur vill eiga samskipti við. Þessi sami Camus hefur nú sent Pasternak vinsamlegt skeyti.